



2. fundur stjórnar Aftureldingar 10. júní 2010

Fundur settur kl. 20:30.

Mætt: Jón Pálsson, Helga Jóhannesdóttir, Sævar Kristinsson, Guðjón Helgason, Ásmundur Pálsson og Anna Sigríður Guðnadóttir. Framkvæmdastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

- 1) Uppsagnarbréf framkvæmdastjóra.
- 2) Starfslýsingar aðalstjórnarmanna.
- 3) Samningur við 365.
- 4) Formannsleysi knattspyrnudeildar.
- 5) Staða samninga við Íslandsbanka og Mosfellsbæ um skuldaskil knattspyrnudeildar.
- 6) Hugmynd að stofnun skylmingadeildar
- 7) Samningar við Mosfellsbæ - aðstöðumál og fjármál. Verkefni sumars og hausts.
- 8) Önnur mál.

1) Uppsagnarbréf framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri hefur sagt upp störfum frá og með 1. ágúst. Framkv. stjóri lýsir vilja til að ljúka vissum verkum og hverfa ekki alveg á braut fyrr en þeim er lokið s.s. fjármálabreytingin.

Ákveðið að auglýsa eftir nýjum framkvæmdastjóra í Mosfellingi og Fréttablaðinu. Helga gjaldkeri býður fram sína krafta við ráðningarferli nýs framkvæmdastjóra.

Í umræðum um starfsaðstæður framkvæmdastjóra kom fram að það er orðið gríðarlega nauðsynlegt að félagið fái íþróttafulltrúa.

2) Starfslýsingar aðalstjórnarmanna.

Drögin rædd og verða tekin fyrir aftur á næsta fundi.

3) Samningur við 365.

Tilboð barst frá 365 um fjáröflunarverkefni sem gengur út á að selja áskriftir að sportrásum fyrirtækisins. Verður kynnt á formannafundi.

4) Formannsleysi knattspyrnudeildar.

Formaður kjörinn á síðasta aðalfundi hefur nú hætt störfum. Formaður Aftureldingar hefur rætt við formenn allra eininga deildarinnar og skýrt frá því að aðalstjórn telji að formannsleysi deildarinnar gangi ekki til lengdar enda gerir stjórnskipulag Aftureldingar ráð fyrir að innan hvernar deildar skuli vera að lágmarki formaður, ritari og gjaldkeri. Ákveðið að boða þrjá formenn eininganna á fund fyrir næsta formannafund og freista þess að ná niðurstöðu í formannsmálinu.

5) Staða samninga við Íslandsbanka og Mosfellsbæ um skuldaskil knattspyrnudeildar.

Útibússtjóri Íslandsbanka mun boða til fundar í næstu viku um samninga um gamlar skuldir knattspyrnudeildarinnar. Eins og áður hefur komið fram eru bæjaryfirvöld tilbúin að taka þátt í því að ganga frá þessum samningum.

6) Hugmynd að stofnun skylmingadeildar.

Sævar Lúðvíksson, hafði samband við formann Aftureldingar og lagði fram hugmyndir um að stofna skylmingadeild innan UMFA. Skylmingasamband Íslands boðaði formann Aftureldingar til fundar um málið. Skylmingasambandið er jákvætt fyrir að styðja uppbyggingu íþróttarinnar í Mosfellsbæ og fram kom að nokkur fjöldi barna úr Mosfellsbæ stundar æfingar í Reykjavík. Aðstaðan sem þarf er 12X20 fyrir 4 skylmingavelli. Stjórn Aftureldingar mun skoða hvort og hvar aðstöðu mætti finna.

7) Samningar við Mosfellsbæ - aðstöðumál og fjármál. Verkefni sumars og hausts.

Viðræður hafa farið fram við Mosfellsbæ um að Afturelding fái umráð yfir öllum tímum í íþróttahúsinu. Þó með þeim formerkjum að almenningi yrði tryggður aðgangur að húsinu. Viðræður halda áfram í sumar um samstarf bæjarins og UMFA varðandi aðstöðumál og önnur fjármál.

8) Önnur mál.

a) Fyrirspurn barst frá knattspyrnudeild um hvort skrifstofa félagsins verði lokuð í júlímánuði eins og áður. Skrifstofan verður lokuð en reikningar og laun greidd eins og aðra mánuði ársins.

b) Stjórn Aftureldingar fagnar því að hópur velunnara meistaraflokks karla hafi tekið sig saman um rekstur rútu til að lækka ferðakostnað meistaraflokks karla og óskar nánari upplýsinga um rekstrarfyrirkomulag rúttunnar.

c) Formannafundur verður haldinn mánudag 13. júní.

Dagskrá formannafundar

1. Uppsögn framkvæmdastjóra
2. Kynna 365 samninga
3. Kynna hugmyndir um skylmingadeild
4. Kynna hugmyndir um íþróttastarf fyrir fatlaða og einnig aldraða
5. Búningamál, samningar við Namó
6. Skemmtitorg

Fundi slitið kl. 22:45

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir